

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, Hádegisskarð 25 og 27.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi á fundi sínum 25. nóvember 2020 breytingu á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga. Í breytingunni felst að byggð verða parhús á hvorri lóð við Hádegisskarð 25 og 27. Bílastæðum fjölgar úr tveimur í fjögur. Byggingarlína við götu færist úr 3 m í 7 m frá lóðarmörkum, þakgerð húsa verður einhalla. Að öðru leyti gilda skilmálar deiliskipulagsins.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 7. desember 2020.

Gunnþóra Guðmundsdóttir, arkitekt og skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2020